

Nd.

190. Breytingartillögur

[45. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 8 22. mars 1972, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum.

Frá félagsmálanefnd.

1. Við 3. gr.
 - a) 2. mgr. greinarinnar orðist svo:
Frá tekjum þessum skal draga frádrátt samkvæmt A-lið, 1. tl. B-liðar, 3. tl. C-liðar 1. mgr. og 3. mgr. 30. gr. laga nr. 40/1978 með síðari breytingum.
 - b) 3. mgr. falli niður.
2. Við 4. gr. Tilvísun í „VIII.—XIII. kafla“ í 2. mgr. verði: VIII.—XIV. kafla.
3. Við 6. gr. Í stað orðanna „sbr. 116. gr. laga nr. 40/1978“ í 8. mgr. komi: sbr. 121. gr. laga nr. 40/1978 með síðari breytingum.
4. Við 9. gr. Inn í greinina bætist þrjár nýjar málsgreinar svohljóðandi:
 - a) 6. mgr.
Vangreiðsla að hluta veldur því að útsvar gjaldandans fellur í gjalddaga 15 dögum eftir gjalddagann, þó ekki fyrr en 15. næsta mánaðar eftir að álagningu er lokið.

b) 7. mgr.

Séu skattar gjaldanda hækkaðir eftir álagningu fellur viðbótarfjárhæðin í gjalddaga 10 dögum eftir að gjaldanda var tilkynnt um hækkunina.

c) 8. mgr.

Þeim erlendu ríkisborgurum eða ríkisfangslausu mönnum, er fengið hafa dvalar- eða landvistarleyfi hér á landi um tiltekinn tíma, er skylt að gera full skil á útsvari sínu fyrir brottför af landinu.

5. Við 14. gr.

1. 2. málslíður 1. mgr. greinarinnar falli niður.

2. Í greinina bætist ný málsgrein, er verði 3. mgr. og orðist svo:

Við ákvörðun aðstöðugjaldsstofns skal eigi tekið tillit til gjalda- eða tekjufærslu vegna verðbreytinga skv. 53. gr. laga nr. 40/1978 með síðari breytingum að öðru leyti en því, að fjárhæð, sem er jafnhá fyrningum skv. 2. málslíð 1. mgr. og 2. mgr. 44. gr. sömu laga, myndar þátt í aðstöðugjaldsstofninum, ef aðili notfærir sér þá heimild til fyrninga eigna.

6. Við 15. gr. 3. mgr. fellur niður.

7. Við 16. gr. Í stað „verktakastarfsemi“ í a-lið 1. mgr. komi: hefur þar með höndum húshyggingar eða aðra mannvirkjagerð.

8. Við 19. gr. Í stað orðanna „af því sem ógreitt er“ í 1. mgr. komi: af því sem gjaldfallið er.

9. Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:

a) Ákvæði til bráðabirgða I.

Við ákvörðun stofna til útsvars og aðstöðugjalds skulu ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 40/1978 með síðari breytingum gilda eftir því sem við á.

b) Ákvæði til bráðabirgða II.

Við álagningu útsvars á árinu 1980 vegna tekna á árinu 1979 skal við ákvörðun gjaldstofns til útsvars draga frádrátt skv. 2. og 4. tl. B-liðar 1. mgr. 30. gr. laga nr. 40/1978. Enn fremur skulu vaxtatekjur og verðbætur manna á árinu 1979 af verðtryggðum spariskírteinum ríkissjóðs vera frádráttarbærar að fullu frá tekjum við álagningu útsvars á árinu 1980.

c) Við löginn bætist nýtt ákvæði, er verði ákvæði til bráðabirgða III og orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði laga þessara skulu lög nr. 1/1980 gilda eftir því sem við á um greiðslu útsvara á fyrri hluta ársins 1980.

d) Ákvæði til bráðabirgða IV.

Hvarvetna þar sem í lögum þessum er vísað til laga nr. 40/1978, um tekjuskatt og eignarskatt, er vísað til þeirra laga með síðari breytingum eftir því sem við getur átt. Verði síðari breytingar, sem gerðar hafa verið á lögum nr. 40/1978, felldar inn í meginmál þeirra og útgefin ný lög, skal við framkvæmd á 2. mgr. 21. gr. laga þessara breyta vísunum til laga nr. 40/1978 til samræmis við það.